



Aðalfundur Landsbankans 2026

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn
miðvikudaginn 18. mars 2026 kl. 16.00
í Reykjastræti 6, Reykjavík.

Drög að dagskrá

- Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
- Skýrsla bankastjóra.
- Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
- Tillaga bankaráðs um starfskjara-stefnu lögð fram til samþykktar.
- Tillögur til breytinga á samþykktum.
Lagt er til að samþykktum fyrir Landsbankann hf. verði breytt þannig
- að bankaráð skuli skipað fimm aðal-mönnum í stað sjö. Nánar tiltekið er lagt til að 1. málsliður 1. mgr. 18. gr. samþykktanna orðist svo: „Bankaráð skal skipað fimm mönnum og tveimur til vara.“*
- Kosning bankaráðs.
- Tilnefning utanaðkomandi nefndar-manns í endurskoðunarnefnd.
- Kosning endurskoðanda.
- Ákvörðun um þóknun til bankaráðs-manna fyrir næsta kjörtímabil.
- Heimild til kaupa á eigin hlutum.
- Önnur mál.

Aðrar upplýsingar

Hluthafi á rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 16.00, mánudaginn 2. mars 2026.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða gerð aðgengileg miðvikudaginn 4. mars 2026 á vefsíðu bankans, <https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/adalfundur>.

Samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynningar um framboð til bankaráðs skal senda

á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 16.00, föstudaginn 13. mars 2026. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á framangreindri vefsíðu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15.30 á fundardegi. Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

Hluthöfum verður boðið að fylgjast með fundinum í streymi og geta þeir nálgast upplýsingar þar að lútandi á framangreindri vefsíðu bankans.

Reykjavík, 27. febrúar 2026
Bankaráð Landsbankans hf.

